

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið:

1. Að tvístefna verði á Tómasarhaga.
2. Að banna bifreiðastöður á vesturkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.
3. Að afnema stöðubann á austurkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. mars 1995.*

**Böðvar Bragason.**

e.u.

**Sturla Þórðarson.**

## REGLUGERÐ

### um vitagjald.

1. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald kr. 57,80 af hverju brúttótonni skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttótonn eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,45.